

**Nd.**

**167. Þingsályktunartillaga**

um lögskipaða skoðun á útfluttri ull.

Flutningsmenn: Pjetur Jónsson, Einar Jónsson og Björn Hallsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina, að taka til athugunar málið um lögskipaða skoðun á útfluttri ull, og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um þetta efni.

### Athugasemdir.

Það er eftir ítarlegt samtál við herra Sigurgeir Einarsson og með hans ráði, að vjer flytjum þessa þingsályktunartillögu, og ráðum til að koma hjer á lögskipuðu eftirliti á allri útfluttri ull. Viljum vjer gera grein fyrir því, hvernig vjer hugsum oss innihald laga um þetta efni og framkvæmdina á ullarskoðuninni eða matinu:

1. Yfirmatsmenn skulu vera 3 eða 4, og öllu landinu skift í umdæmi milli þeirra, ekki stærri en það, að hver þeirra um sig geti farið um umdæmi sitt á ullartökutímum á hvert. Stjórnin setur reglur fyrir starfi þeirra í erindisbræfi, og verður þar að líkindum tekið fram, hverjar kröfur þeir skuli gera til útfluttrar ullar af hverri tegund.
2. Starfslaun yfirmatsmanna og ferðakostnaður, borgist úr landsjóði, miðuð við starfstíma þeirra, sem væntanlega verður um 2 mánuði á ári.
3. Undirmatsmenn sjeu á hverjum ullartökustað á landinu, einn eða fleiri, eftir þörfum, og eru þeir valdir af yfirmatsmanni, með samráði við sýslunefnd. Þeir skulu hafa fast ákveðið dagkaup á meðan á ullarmatinu stendur, og greiðist það af ullareiganda (kaupm. eða kaupfjel.).
4. Sameiginlegt merki skal vera á allri íslenskri ull, en þar að auki skal skylt að hafa undirmerki fyrir hverja þá verslun eða kaupfjelag, sem flytur út ull eða selur til útflutnings. Loks skulu og vera greinileg merki, er greini að ullartegundir eða flokka. Færir undirmatsmaður sjerstaka bók yfir þetta, eftir formi, er yfirmatsmaður semur, enda líti hann eftir að bók sú sje rjett færð.
5. Skriflegt vottorð undirmatsmanns skal og fylgja hverri ullarsending um að ullin sje skoðuð og flokkuð eftir rjettum reglum. Enn fremur skirteini frá sýslumanni eða hreppstjóra, að löglega skipaður matsmaður hafi undirskrifað vottorðið í hans viðurvist.